

Nd. 276. Frumvarp til laga [172. mál]

um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Pegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyri-irtæki olúgjald, er nemi 7,0% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Pegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárjódsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976, draga 1,0% olúgjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1982 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1982 en ein forsenda þeirrar ákvörðunar, sem tekin var með samþykki allra fulltrúa í yfirnefnd Verðlagsráðs var, að olúgjald yrði 7% á árinu 1982. Meginefni frumvarpsins er því að lækka olúgjald til fiskiskipa utan skipta úr 7,5% í 7% og framlengja það þannig til ársloka 1982. Lög um 7,5% tímabundið olúgjald runnu út um síðastliðin áramót.

Olúgjald utan skipta var tekið upp með lögum í mars 1979. Gjaldið var í fyrstu 2,5% af skiptaverði og fór hæst í 12% en var síðan lækkað aftur. Frá október 1980 til síðustu áramóta var gjaldið 7,5% af skiptaverði.

Á árinu 1978, fyrir olíuverðshækkunina 1979 og 1980, var olíukostnaður skipa á botnfiskveiðum um 12,5% af heildartekjum. Á árinu 1979 hækkaði hlutfall olíukostnaðar í 16,2% af heildartekjum (án olúgjalds) og á árinu 1980 var hlutfallið 18,2%. Ætla má, að á fyrstu mánuðum þessa árs verði olíukostnaður um 19,5% af heildartekjum (án olúgjalds).

Ákvæði einstakra greina frumvarpsins eru óbreytt frá því sem gildi á árinu 1981 að öðru leyti en því að gjaldið lækkar úr 7,5% í 7% af skiptaverði, eins og áður sagði.